

„Pilot“-verkefni landsnefndar Bláa skjaldarins:
Uppbygging á viðbragðsáætlun við vá í Norðurþingi

Nathalie Jacqueminet, Sif Jóhannesdóttir

Skýrsla

2018



Höfundar skýrslunnar

Nathalie Jacqueminet er menntaður forvörður, safnfræðingur og listfræðingur. Hún starfaði lengi sem varðveislustjóri á Þjóðminjasafni Íslands (2002-2018) en er nú sjálfstætt starfandi. Hún hefur unnið mikið að öryggismálum safna og situr í landsnefnd Bláa skjaldarins sem fulltrúi ICOM.

Sif Jóhannesdóttir er þjóðfræðingur og kennari og hún var forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga í Norðurþingi á Húsavík (2012-2018). Hún situr í stjórn Íslandsdeildar ICOM og í landsnefnd Bláa skjaldarins sem fulltrúi ICOM.

Verkefnið hlaut styrk úr safnasjóði.



Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
1.1 Reynsla af björgun menningararfs eftir hamfarir á Íslandi	4
1.2 Björgunaraðilar á Íslandi.....	5
2. Lýsing verkefnisins.....	6
2.1 Markmið	6
2.2 Menningarmiðstöð Þingeyinga.....	6
2.3 Framkvæmd verkefnisins skref fyrir skref	7
2.4 Viðbragðsáætlun Menningarmiðstöðvar Þingeyinga: greiningarvinna.....	7
2.4.1 Hvenær var áætlunin gerð, hvert er umfang hennar og hvaða heimildir/fyrirmyndir voru notaðar?.....	7
2.4.2 Hverjar eru helstu áherslur í viðbragðsáætluninni?	7
2.4.3 Hafa starfsmenn tekið þátt í að búa viðbragðsáætlunina til?.....	8
2.4.4 Hefur áætlunin verið uppfærð og hvaða breytingar voru gerðar?	8
2.4.5 Hafa starfsmannaskipti haft áhrif á viðbragðsáætlunina?	8
2.4.6 Eru allir starfsmenn meðvitaðir um hlutvert sitt?	8
2.4.7 Fjallar áætlunin um safnkost byggðasafnsins, skjalasafnsins og bókasafnsins?.....	8
2.4.8 Hvernig tengist áætlunin viðbragðsáætlun almannavarna?	8
2.4.9 Er forgangsroðun við björgun safnkostsins skýr?	9
2.4.10 Er til áætlun ef nauðsynlegt væri að færa safngripi/skjöl í annað húsnæði?.....	9
2.4.11 Hverjir eiga að koma að björgun safngripa/skjala eftir jarðskjálfta?	9
2.4.12 Telur forstöðumaður að sjálfbóðaliðar geti tekið þátt í björgun safnkosts Menningarmiðstöðvar Þingeyinga gerist þess þörf?	9
2.4.13 Niðurstöður	9
2.5 Viðbragðsáætlun um björgun menningarverðmæta hjá opinberum aðilum: greiningarvinna	10
2.5.1 Neyðaráætlanir menningarstofnana	10
2.5.2 Aðgerðir ríkisstjórnarinnar	11
2.6 Hlutverk Náttúruhamfaratryggingar Íslands (NTÍ)	11
2.7 Samtöl við aðila sem hafa staðfest hlutverk við náttúruhamfarir	13
2.7.1 Almannaþing	13
2.7.2 Almannaþingarnefnd Þingeyinga.....	13
2.7.3 Staða safnanna í áætlun almannavarna	14
2.8 Rauði krossinn og björgunarsveitir.....	15

2.9 Samantekt	16
3. Tillögur að aðgerðaáætlun fyrir Menningarmiðstöð Þingeyinga	18
3.1 Fyrsta tillaga: Lagfæringar á <i>Viðbragðsáætlun almanna­varna vegna jarðskjálfta í Þingeyjarsýslu</i>	18
3.2 Önnur tillaga: Viðbragðsáætlun Menningarmiðstöðvarinnar lagfærð.....	19
3.3 Þriðja tillaga: Áætlun um björgunaraðgerðir	19
4. Tillögur um aðgerðaáætlun á landsvísu.....	20
4.1 Að líta á safnkostinn sem heild	20
4.2 Tillögur	20
4.3 Tillögur að aðgerðum fyrir landsnefnd Bláa skjaldarins.....	21
5. Leiðbeiningar fyrir söfn til að byggja upp viðbragðsáætlun við vá	21
5.1 Undirbúningur: rýning á viðbragðsáætlun safnsins með eftirfarandi spurningar í huga	22
5.2 Rýning á viðbragðsáætlun almanna­varna svæðisins með eftirfarandi spurningar í huga.....	22
5.2.1 Spurningar til fulltrúa almanna­varna á svæðinu.....	22
5.2.2 Spurningar til björgunarsveita	23
5.3 Skipulagning björgunar.....	23
6. Lokaorð	24
7. Heimildir.....	25
8. Viðhengi	27

1. Inngangur

Árið 2014 var landsnefnd Bláa skjaldarins stofnuð að frumkvæði eftirtaldrá félaga: alþjóðasamtaka safna (ICOM), alþjóðasamtaka menningarminjastaða (ICOMOS), alþjóðasamtaka skjalasafna (ICA) og alþjóðasamtaka bókasafna (IFLA) með það að markmiði að taka þátt í verndun menningarverðmæta þegar hættuástand skapast vegna náttúruhamfara eða átaka. Samtökin vinna m.a. að markmiðum sínum með áætlunum og viðbrögðum þegar vá steðjar að og stuðningi þegar hættuástandi lýkur. Landsnefndum Bláa skjaldarins hefur verið komið á fót um allan heim og þær hafa víða unnið mikilvægt starf við verndun menningarverðmæta.¹ „Pilot“-verkefnið *Uppbygging á viðbragðsáætlun við vá í Norðurþingi* er fyrsta verkefni landsnefndar Bláa skjaldarins á Íslandi og það mun vonandi eiga þátt í að bæta vitneskju um stöðu öryggismála menningarstofnana hér á landi. Jafnframt standa vonir til að það verði menningarstofnunum og eigendum þeirra hvatning til að gera betur í þessum málum og vinna viðbragðsáætlanir til að verndun menningarverðmæta verði markviss og skipulögð komi til náttúruvár af einhverju tagi.

1.1 Reynsla af björgun menningararfs eftir hamfarir á Íslandi

Á síðustu tíu árum hafa hamfarir í tvígang haft mikil áhrif á menningararf Íslendinga, annars vegar vegna jarðskjálfta á Suðurlandi 29. maí 2008 og hins vegar vegna eldgoss í Eyjafjallajökli vorið 2010.

Í hvorugu tilvikanna var viðbragðsáætlun um björgun gripa til og nauðsynlegt var að skipuleggja björgunaraðgerðir eftir á. Við jarðskjálftana á Suðurlandi urðu margar menningarstofnarnir fyrir tjóni (bókasöfn, byggðasöfn, listasöfn og skjalasöfn). Forstöðumenn þessara stofnana leituðu til mismunandi aðila, opinberra stofnana, sjálfbóðaliðasamtaka og einkafyrirtækja, eftir aðstoð.

Sem dæmi má nefna að Byggðasafn Árnesinga leitaði eftir aðstoð Þjóðminjasafns Íslands sem sendi nokkra sérfræðinga safnsins austur á Eyrarbakka. Við jarðskjálfta eru áhrifin mikil í mjög stuttan tíma en síðan taka björgunaraðgerðir við. Þegar eldgos verður er staðan önnur því það stendur lengur yfir. Aðstæður geta verið mjög mismunandi hvað

Vangaveltur

Hver ber ábyrgð á að veita menningarstofnunum hjálp eftir hamfarir?

Hver ber ábyrgð á kostnaði sem fylgir björgun menningarverðmæta meðan á hamförum stendur og eftir að þeim er lokið?

¹ Njörður Sigurðsson, Blái skjöldurinn – samstarf um verndun menningarverðmæta, *Bókasafnið* 41. árg. 2017. Bls. 26-27.

varðar áhættu fyrir menningararf. Til dæmis stóð eldgos í Eyjafjallajökli vorið 2010 í fimm vikur og var öskufall mismunandi eftir svæðum. Aðalmenningarstofnunin á áhrifasvæði gossins er Skógasafn sem er bæði byggðasafn og skjalasafn. Við upphaf eldgossins hafði forstöðumaður samband við þjóðminjavörð til að fá ráðgjöf vegna afleiðinga öskufalls yfir safnasvæðið. Þörf var á að hreinsa öskulag sem hafði lagst yfir allan safnkostinn.

1.2 Björgunaraðilar á Íslandi

Ísland hefur sérstöðu hvað varðar björgunaraðgerðir eftir hamfarir. Í mörgum löndum gegnir herinn mikilvægu hlutverki við björgun manna, mannvirkja og menningarverðmæta. Á Íslandi er enginn her en Almannavarnir eru í forsvari fyrir ýmsar viðbragðsáætlanir og stjórna alfarið öllum aðgerðum við björgun manna og mannvirkja en að auki annast sjálfstæð félög, s.s. Landsbjörg og Rauði krossinn, verkefni á vettvangi.

2. Lýsing verkefnisins

2.1 Markmið

Markmið verkefnisins er í fyrsta lagi að skoða hvort neyðaráætlanir safna dugi til að bjarga safn-kostinum við hamfarir, séu slíkar neyðaráætlanir til, kanna hverjir koma að björgun gripa og gera tillögur um úrbætur sé þess þörf. Í öðru lagi verður lögð fram beinagrind sem allar menningarstofnarnir sem vilja fara í gegnum sama ferli geta notað til að undirbúa viðbrögð við vá.

Til að vinna þetta „pilot“-verkefni leitaði Blái skjöldurinn að stofnun sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði: ber ábyrgð á byggðasafni, bókasafni og skjalasafni, er viðurkennt safn og er staðsett á áhættusvæði. Fyrir valinu varð Safnahúsið á Húsavík, sem er hluti af Menningarmiðstöð Þingeyinga, er á Húsavík í Norðurþingi og stendur á þekktu og öflugu jarðskjálftasvæði. Sif Jóhannesdóttir forstöðumaður var í forsvari fyrir stofnunina í verkefninu.²

2.2 Menningarmiðstöð Þingeyinga

Menningarmiðstöð Þingeyinga er sjálfseignarstofnun sem sex sveitarfélög í Þingeyjarsýslu standa að. Stofnunin varð til árið 2007 þegar Byggðasafn Norður-Þingeyinga og Safnahúsið á Húsavík voru sameinuð í eina stofnun. Stofnaðilar voru Aðaldælahreppur, Langanesbyggð, Norðurþing, Skúta-
staðahreppur, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Þingeyjarsveit. Undir stofnunina heyra: safn Suður-Þingeyinga, Byggðasafn Norður-Þingeyinga, Héraðsskjalasafn Þingeyinga, Ljósmyndasafn Þingeyinga, Myndlistarsafn Þingeyinga og Náttúrugripasafn Þingeyinga. Einnig hefur stofnunin tekið að sér rekstur bókasafna Norðurþings. Í Safnahúsinu á Húsavík er kjarni starfseminnar og þar er opið allan ársins hring. Þar eru skrifstofur stofnunarinnar, skjala- og ljósmyndageymslur, aðalmunageymslan og Bókasafnið á Húsavík. Stofnunin er einnig með sýningar á Grenjaðarstað í Aðaldal, á Snartarstöðum við Kópasker og í Sauðaneshúsi á Langanesi. Þær sýningar eru eingöngu opnar á sumrin.

² Íslandsdeild Bláa skjaldarins hélt tvo fundi til að skipuleggja verkefnið í upphafi. Sá fyrri var haldinn þann 2. maí 2016 og sá seinni 22. ágúst 2016. Á fundunum voru rædd drög að verkefnaáætlun og ákveðið að tveir nefndarmenn í landsnefnd Bláa skjaldarins, Nathalie Jacqueminet, varðveislustjóri á Þjóðminjasafni Íslands, og Sif Jóhannesdóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga í Norðurþingi á Húsavík, héldu utan um verkefnið. Styrkur fékkst í verkefnið úr Safnasjóði.

2.3 Framkvæmd verkefnisins skref fyrir skref

Verkefninu var skipt upp í nokkra meginþætti. Fyrsta skrefið var að ákveða efnistöð og áherslur í verkefninu. Því næst hófst vinna við að greina stöðuna. Það var gert með því að rýna í viðbragðsáætlun Safnahússins á Húsavík og ræða við þá aðila sem stýra viðbrögðum og taka þátt í björgunarstarfi komi til náttúruhamfara. Mikil vinna var lögð í að kynna sér starfshætti almannavarna og hvernig viðbragðsáætlanir almannavarna eru byggðar upp. Tekin voru viðtöl við ýmsa aðila, þ. á m. starfsmann almannavarnanefndar Þingeyinga og fulltrúa sjálfbóðaliðasamtaka sem koma að björgun. Einnig voru skoðuð hlutverk þeirra opinberu aðila sem bera ábyrgð á menningararfinum (sjá kafla 2.5 Viðbragðsáætlun um björgun menningarverðmæta hjá opinberum aðilum: greiningarvinna).

2.4 Viðbragðsáætlun Menningarmiðstöðvar Þingeyinga: greiningarvinna

Viðbragðsáætlun er plagg sem inniheldur leiðbeiningar um viðbrögð gegn vá. Greiningin fól í sér að skoða hvort viðbragðsáætlun safnsins tæki á þeim þáttum sem þarf til að takmarka tjón á safnkosti ef jarðskjálfti ríður yfir. Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir forstöðumann í því samhengi.

2.4.1 Hvenær var áætlunin gerð, hvert er umfang hennar og hvaða heimildir/fyrirmyndir voru notaðar?

Viðbragðsáætlun Safnahússins á Húsavík var unnin árið 2013 í samhengi við umsókn stofnunarinnar um viðurkenningu Safnaráðs. Áætlunin er 32 blaðsíður og í henni má finna eftirfarandi þætti: lista yfir lykilstarfsmenn og hlutverk þeirra, neyðarsímanúmer, lista yfir þjónustuaðila, byggingarupprætti, viðbrögð við mismunandi hættu (hamfarir, eldur, þjófnaður, eldur, innbrot og flóð), rýmingaráætlun og upplýsingar um rafmagn og viðvörunarkerfi í húsinu. Áætlunin nær eingöngu til fyrstu viðbragða skapist hættuástand af einhverju tagi. Hún nær ekki til björgunar muna eftir að hættuástandi lýkur. Sá starfsmaður sem vann áætlunina hafði talsverða reynslu af öryggisgæslu og þekkti vel til viðbragðsáætlana þar eð hann hafði áður starfað um árabíl hjá Securitas.

2.4.2 Hverjar eru helstu áherslur í viðbragðsáætluninni?

Megináhersla viðbragðsáætlunarinnar er hvernig bregðast eigi við og bjarga fólki úr húsinu ef til kemur. Í áætluninni er teikning af húsinu og sýnt hvernig loka má fyrir vatn og rafmagn.

2.4.3 Hafa starfsmenn tekið þátt í að búa viðbragðsáætlunina til?

Á þeim tíma sem áætlunin var gerð voru tveir fastráðnir starfsmenn í fullu starfi hjá stofnuninni, einn starfsmaður í hlutastarfi og tveir starfsmenn í fjarvinnsluverkefnum fyrir Þjóðminjasafn Íslands. Þar að auki starfar hópur sumarstarfsmanna hjá stofnuninni á hverju ári.

Héraðsskjalavörður, sem jafnframt er öryggisfulltrúi stofnunarinnar, vann áætlunina í samstarfi við forstöðumann. Aðrir starfsmenn komu ekki að vinnunni.

2.4.4 Hefur áætlunin verið uppfærð og hvaða breytingar voru gerðar?

Áætlunin hefur verið óbreytt frá því að hún var gerð.

2.4.5 Hafa starfsmannaskipti haft áhrif á viðbragðsáætlunina?

Engin breyting varð á fastráðnum starfsmönnum hjá stofnuninni fyrr en seint á árinu 2018. Í framhaldi af þeim breytingum þyrfti að uppfæra áætlunina.

2.4.6 Eru allir starfsmenn meðvitaðir um hlutvert sitt?

Í viðbragðsáætlun Safnahússins er hlutverk starfsmanna skilgreint ef þarf að bregðast við vá. Hún er eðlilega mjög lituð af því hve fáir starfsmenn vinna hjá stofnuninni. Þannig er forstöðumaður bæði viðbragðsstjóri og skráningarstjóri. Héraðsskjalavörður er síðan bæði björgunarstjóri og öryggisstjóri.

2.4.7 Fjallar áætlunin um safnkost byggðasafnsins, skjalasafnsins og bókasafnsins?

Safnkosti er forgangsraðað eftir flokkum komi til þess að bjarga þurfi munum/skjölum/myndum úr safninu. Einnig kemur fram að kanna skuli ástand safnkosts þegar vá er yfirstaðin. Hvort tveggja er mjög yfirborðskennt í áætluninni.

2.4.8 Hvernig tengist áætlunin viðbragðsáætlun almannavarna?

Engin tengsl eru við viðbragðsáætlun almannavarna að öðru leyti en því að í viðbragðsáætlun Safnahússins er notuð flokkun á hættustigum sem almannavarnanefnd gefur út.

2.4.9 Er forgangsröðun við björgun safnkostsins skýr?

Það er til mjög gróf forgangsröðun við björgun muna/skjala/mynda. Ekki er nein útfærsla á þeirri björgun, né hvað gera skal við munina komi til þess.

2.4.10 Er til áætlun ef nauðsynlegt væri að færa safngripi/skjöl í annað húsnæði?

Nei, hún er ekki til staðar.

2.4.11 Hverjir eiga að koma að björgun safngripa/skjala eftir jarðskjálfta?

Þetta atriði kemur ekki fram í viðbragðsáætluninni.

2.4.12 Telur forstöðumaður að sjálfbóðaliðar geti tekið þátt í björgun safnkosts

Menningarmiðstöðvar Þingeyinga gerist þess þörf?

Ef til vill gætu sjálfbóðaliðar komið að einhverjum þáttum björgunar safnkosts án nokkurrar þjálfunar, t.d. ef til þess kæmi að bera þyrfti mikið safn muna/skjala/mynda úr geymslum. Það væri þó eingöngu hægt ef verkstjórn og yfirsýn væri mjög góð. Einnig gætu sjálfbóðaliðar þurrkað og hreinsað til í kringum muni en ákjósanlegast væri að þeir aðilar sem kæmu að björgun muna hefðu einhverja grunnþjálfun, þekkingu á uppbyggingu safnsins og eðli safnkostsins.

2.4.13 Niðurstöður

Í viðbragðsráætlun Menningarmiðstöðvar Þingeyinga er að finna upplýsingar um fyrstu viðbrögð við vá, flóttaleiðir, öryggiskerfi og hlutverk hvers og eins í hættuástandi. Einnig eru teikningar af húsakosti og upplýsingar um vatnsinntök og rafmagnstöflur. Þar eru hins vegar fáar upplýsingar um hvernig ætti að bjarga safnkostinum þegar náttúruhamfarir eru yfirstaðnar.

Áherslur

1. Lista vantar yfir byggingar með menningarsögulegt gildi sem kanna þarf ástand á eftir jarðskjálfta.
2. Mikilvægt er að skilgreina húsnæði utan skjálftasvæðis þangað sem hægt er að flytja gripi ef til þess kemur.

2.5 Viðbragðsáætlun um björgun menningarverðmæta hjá opinberum aðilum: greiningarvinna

Hér leituðu skýrsluhöfundar heimilda um hvort til séu aðgengilegar leiðbeiningar um gerð neyðaráætlana fyrir menningarstofnarnir. Jafnframt var kannað hvort eftirtaldir aðilar hefðu lagalegt hlutverk og áætlanir um stuðning við björgunarstarf á menningarverðmætum: mennta- og menningarmálaráðuneyti, Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Þjóðskjalasafn Íslands, Minjastofnun og Safnaráð.

Leitað var að aðgengilegum upplýsingum um neyðaráætlanir safna, bókasafna og skjalasafna og annarra menningarstofnana. Að sama skapi voru heimasíður Safnaráðs, Minjastofnunar og Almannafræðis skoðaðar með tilliti til þessara þátta.

2.5.1 Neyðaráætlanir menningarstofnana

Neyðaráætlanir menningarstofnana fylgja ekki sérstökum stöðlum og getur hver stofnun unnið slíka áætlun eins og best hentar í hverjum landshluta í samræmi við áhættugreiningu svæðisins.

Viðbragðsáætlun er eitt af mörgum skilyrðum sem söfnin þurfa að uppfylla til að fá viðurkenningu frá Safnaráði.³ Mennta- og menningarmálaráðuneytið vinnur að undirbúningi reglugerðar fyrir héraðsskjalasöfn þar sem kröfur um neyðaráætlun fyrir safnkostinn verða gerðar.⁴ Í lögum um almenningsbókasöfn er ekki minnst á neyðaráætlun fyrir safnkost.

Á heimasíðu Þjóðminjasafns Íslands er að finna aðgengilegar upplýsingar um gerð neyðaráætlunar í kafla um viðbrögð gegn vá í *Handbók um varðveislu safnkosts* (2011) sem var unnin í samstarfi við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Þjóðskjalasafn Íslands.⁵ Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands er samkvæmt lögum að veita öðrum menningarmínjasöfnum ráðgjöf⁶ og handbókin er hluti af því.

³ Sjá: <https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/umsokn-um-vidurkenningu/spurt-og-svarad-wardandi-vidurkenningu/>.

⁴ Drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns, 8. maí 2017: <http://www.hveragerdi.is/files/593a8ed201ff1.pdf>

⁵ Handbókin er einnig aðgengileg á heimasíðu Safnaráðs.

⁶ Lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011.

Listasafn Íslands veitir öðrum listasöfnum ráðgjöf⁷ og Náttúruminjasafn Íslands skal veita öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf⁸ og geta söfnin á þessum sviðum leitað til þeirra. Öll þrjú söfnin eru tilgreind sem höfuðsöfn.

2.5.2 Aðgerðir ríkisstjórnarinnar

Árið 2016 setti forsætisráðuneytið af stað metnaðarfullt verkefni og kynnti stefnu sem kallaðist *Aðgerðastefna almannavarna- og öryggismálaráðs* sem var unnin af fulltrúum frá fjölda ráðuneyta og undirstofnunum þeirra.⁹ Í skýrslunni eru gerðar tillögur að aðgerðum og í kafla um almannavarnir er fjallað um *vernd mikilvægra menningarverðmæta* (aðgerð 6).¹⁰ Markmiðið er „að draga úr líkum á eyðileggingu menningarverðmæta“ með því að:

1. gerð verði öryggisstefna fyrir íslenskar menningarstofnanir og söfn,
2. áfallapól íslenskra safna verði kannað,
3. skilgreint verði við hvaða öryggisstaðla söfn skuli miða vegna vörslu menningarverðmæta,
4. menningarverðmæti og staðsetning þeirra verði skráð,
5. gerð verði viðbragðsáætlun um björgun menningarverðmæta.

Verkefnið er enn í vinnslu.

2.6 Hlutverk Náttúruhamfaratryggingar Íslands (NTÍ)

Náttúruhamfaratrygging Íslands¹¹ váttryggir gegn tjóni af völdum náttúruhamfara: eldgos, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Váttryggingarskylda Náttúruhamfaratrygginga nær til allra húseigna og lausafjár sem brunatryggt er hjá tryggingafélagi sem starfsleyfi hefur á Íslandi. Í lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands nr. 55/1992 og breyting á þeim nr. 46/2018 er ekki fjallað sérstaklega um menningarminjar. Fram kom í upplýsingum frá starfsmanni NTÍ¹² að enginn safnkostur eða menningarminjar fást bættar hjá Náttúruhamfaratryggingu Íslands nema greidd hafi verið iðgjöld af viðkomandi verðmætum. M.ö.o. þarf eigandi að vera með brunatryggingu á lausafé á verðmætunum hjá váttryggingafélögum á almennum markaði. Þau innheimta iðgjöldin til NTÍ um leið og þau innheimta iðgjöld vegna brunatryggingar. Náttúruhamfaratrygging Íslands greiðir ekki

⁷ Reglugerð um Listasafn Íslands nr. 171-2014

⁸ Lög um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007, 2. gr.

⁹ Innanríkisráðuneyti, forsætisráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, utanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti.

¹⁰ Sjá: http://www.althingi.is/alttext/pdf/146/fylgiskjol/s0208-f_l.pdf. Sjá einnig viðhengi 1 í þessari skýrslu.

¹¹ Áður Viðlagatrygging Íslands. Sjá lög og reglur á <https://nti.is/log-og-reglur/>.

¹² Tölvupóstur frá 2. nóvember 2018.

kostnað vegna áframhaldandi varðveislu safnkosts, heldur bara beint tjón sem verður á váttryggðu eignunum.

Í einstökum undantekningartilvikum getur komið til greiðslu björgunarkostnaðar ef ljóst er að tjón hefur orðið eða er í yfirvonandi og líklegt er að kostnaður við björgun verði lægri en tjónið sem verið er að koma í veg fyrir. Bætur frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands eru alltaf miðaðar við váttryggingarverðmæti, þ.e. þær eru í samræmi við það iðgjald sem greitt hefur verið af viðkomandi

verðmætum. Ef umráðaaðilar verðmætanna kaupa brunatryggingar í samræmi við metið verðmæti munanna ættu bæturnar í raun að hljóða upp á þá fjárhæð sem munirnir hafa verið metnir á að frádregnum eðlilegum afskriftum. Almenna reglan er hins vegar sú að verðmæti (t.d. menningarminjar) eru afskrifuð miðað við aldur og ástand nema ef þau eru sértalin í váttryggingarskírteinum.

Eigendur safna þurfa að gaumgæfa á hvern hátt menningarminjar eru metnar í brunatryggingum. Þar er oft reynt að horfa til þess hver kostnaður við forvörslu í framhaldi af skemmdum geti orðið

frekar en verðmætamat á gripunum sjálfum, sem sjaldnast er hægt að meta til fjár eða endurnýja.

Í lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands (áður Viðlagatryggingu Íslands) er í 13. grein fjallað um björgun váttryggðra muna og er hún afar mikilvæg þegar kemur að stöðu safnkosts komi til náttúruhamfara:

Ráðstafanir til að afstýra tjóni.

13. gr. Hafi váttryggingaratburð borið að höndum tekur stofnunin afstöðu til þess hvort gera þurfi sérstakar ráðstafanir til björgunar váttryggðra muna eða til að hindra frekara tjón. Slíkar ráðstafanir skulu, svo sem kostur er, gerðar í samvinnu við almannavarnir.

Ákvæði 1. mgr. leysa váttryggðan ekki undan skyldum til að gera ráðstafanir til að varna tjóni eftir lögum um váttryggingarsamninga.¹³

¹³ Lög um Viðlagatryggingu Íslands nr. 55/1992.

2.7. Samtöl við aðila sem hafa staðfest hlutverk við náttúruhamfarir

Afar mikilvægt var að greina og rýna í stöðu mála varðandi það viðbragðskerfi sem tekur yfir þegar náttúruvá verður. Grunnurinn að því að hægt sé að skilgreina hvernig bregðast skuli við og leitast við að tryggja safnkost eins vel og hægt er við slíkar aðstæður er að koma söfnunum inn í það kerfi sem fyrir er. Mikilvægt er að undirbúa samskipti við þá aðila sem stýra aðgerðunum þegar vá skellur á.

2.7.1 Almannaþarnir

Almannaþarnir ríkisins taka yfir þegar vá steðjar að. Landinu er skipt upp í svæði og á landinu starfar 21 almannaþarnasvæði og hver almannaþarnanefnd býr til sína eigin áætlun með því að nota beinagrind sem er aðgengileg á heimasíðu Almannaþarna.¹⁴

Almannaþarnir eru samnefnari viðbragða og úrræða þegar hættu- og neyðarástand skapast í samfélaginu. Við minniháttar slys bregst hin daglega neyðarþjónusta við með hefðbundnum hætti, en við almannaþarnaástand fara neyðarþjónustan og aðrir að vinna eftir einu samræmdu skipulagi, þ.e. neyðarskipulagi almannaþarna. Undir neyðarþjónustuna fellur lögregla, slökkvilið, þjörgunarsveitir, sjúkrahús, Landhelgisgæslan, neyðarsímsvörun, líknarfélög (t.d. Rauði krossinn) og starfsmenn sveitafélaga (t.d. bæjarstjórar og tæknideildir).¹⁵

Staðreyndir

Það er ekki í verkahring almannaþarna að veita aðstoð við þjörgun menningarverðmæta.

2.7.2 Almannaþarnanefnd Þingeyinga

Að almannaþarnanefnd Þingeyinga standa sex sveitarfélög, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútu- staðahreppur, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, framkvæmdastjórar þeirra sveitarfélaga sem að samstarfssamningnum standa og þrjú fulltrúar sveitarstjórna sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara. Jarð- skjálftavá er sú náttúruvá sem helst steðjar að íbúum Norðurþings.

Fundur með slökkviliðsstjóra Norðurþings, Grími Kárasyni, sem er starfsmaður almannaþarnanefndar Þingeyinga. Haft var samband við Grím og falast eftir fundi sem var auðsótt mál og þann

¹⁴ Beinagrind áætlunar – Vinnulag við viðbragðsáætlanir, pdf-skjal, 4 bls á <https://www.almannaþarnir.is/utgefing-efnis/kennsluefni-og-samningar/>

¹⁵ <http://shs.is/index.php/um-okkur/almannaþarnir/>.

20. október 2016 funduðu skýrsluhöfundar með Grími, kynntu honum Bláa skjöldinn og verkefnið. Grímur fór yfir starfssvið almannavarnanefndar og benti á *Viðbragðsáætlun við jarðskjálfta í Þingeyjarsýslum*, sem þá var í gildi. Grímur lagði mikla áherslu á að menningarstofnanir og Blái skjöldurinn skilgreindu hlutverk sitt og aðkomu í samhengi við áætlunina og fyndu sér stað innan áætlunarinnar. Að fundi loknum var áætlunin grandskoðuð með nokkur atriði í huga. Þau eru talin hér á eftir.

2.7.3 Staða safnanna í áætlun almannavarna

Skýrsluhöfundunum var auðvitað efst í huga að kanna hver staða safnanna væri í áætluninni. Það var síðan afar mikilvægt að átta sig á hvernig ferlið í björgunaraðgerðum væri og hvaða aðilar það væru sem hefðu skilgreind hlutverk í áætluninni. Í stuttu máli er það svo að hvergi í áætluninni er fjallað um söfn eða menningarminjar. Þeir aðilar sem hafa hvað stærst skilgreind hlutverk í áætluninni eru: almannavarnanefnd, lögregla, slökkvilið, björgunarsveitir og Rauði krossinn. Þessir aðilar hafa aðgang að fjarskiptakerfinu Tetra¹⁶ sem er eina kerfið sem er hægt að treysta á þegar almenn fjarskiptakerfi liggja niðri. Til að öðlast betri innsýn í áætlunina og það ferli sem þar er fjallað um var ákveðið að leita eftir fundum með nokkrum lykilaðilum.

Annar fundur með slökkviliðsstjóra Norðurþings 3. júlí 2017. Farið yfir spurningar sem vaknað höfðu hjá skýrsluhöfundum við ítarlegri yfirferð viðbragðsáætlunar. Fram kom að mikilvægt væri að vinna hlutverkablað (sambærilegt við önnur hlutverkablöð í áætluninni almannavarna) fyrir aðila sem ættu að koma að björgun menningarverðmæta. Einnig þurfti að fara yfir fjarskiptaáætlun til að greina stöðu þeirra sem bera ábyrgð á safnkosti í því samhengi. Vinna þarf lista yfir byggingar með menningarsögulegt gildi sem kanna þarf ástandið á eftir jarðskjálfta. Menningarstofnanir þurfa síðan að vinna viðbragðsáætlun sína þar sem fram kemur hlutverk starfsfólks, forgangsröðun við björgun gripa, grunnbúnaður í viðkomandi húsi og fyrstu viðbrögð. Fram kom að það er aðgerðastjóri sem ákveður hvenær fólk má fara inn í byggingar á hættusvæði. Það er mikilvægt að skilgreina húsnæði utan skjálftasvæðis þangað sem hægt er að flytja gripi ef til þess kemur.

¹⁶ Tetra-kerfið byggist á stafrænni útfærslu og fjarskiptastöðlum sem sérstaklega eru gerðir fyrir fjarskipti neyðar- og öryggisþjónustu, svo sem hjá lögreglu, slökkviliðum og björgunarsveitum.

2.8 Rauði krossinn og björgunarsveitir¹⁷

Þegar hættuástand skapast vegna náttúruhamfara eða annarra stórslysa fer neyðarvarnakerfi Rauða krossins í gang. Hlutverk Rauða krossins í almannavörnum ríkisins er fjöldahjálp og félagslegt hjálparstarf sem felst einkum í því að útvega fæði, klæði og húsaskjól og veita fólki upplýsingar á neyðarstundu. Fjöldahjálparstöðvar eru opnaðar þegar koma þarf stórum hópum fólks í skjól, svo sem vegna rýmingar hverfa eða landsvæða og í kjölfar náttúruhamfara.¹⁸

Ráð

Rauði krossinn getur verið góð fyrirmynd varðandi skipulagningu björgunaraðgerða.

Björgunarsveitin *Garðar*, sem starfar í Norðurþingi, er aðili að Slysavarnafélaginu Landsbjörg sem eru landssamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi. Rétt til aðildar að Slysavarnafélaginu Landsbjörg eiga allar félagseiningar sem hafa björgunar- og/eða slysavarnamál á stefnuskrá sinni. Hver björgunarsveit er sjálfstæð gagnvart félaginu, bæði hvað varðar störf sín og fjármál.¹⁹ Í björgunarsveitinni Garðari eru 138 björgunarmenn.

Fundað var með fulltrúum Þingeyjarsýsludeildar Rauða krossins og björgunarsveitarinnar Garðars á Húsavík þann 20. október 2017. Það voru afar mikilvægir fundir þar sem skýrsluhöfundar fengu enn betri innsýn í hlutverk þessara aðila við vát og skipulag innan hvers hóps. Það var þó enn ljósara eftir fundina að engir þessara viðbragðsaðila hefur skilgreint hlutverk sem snýr að menningarminjum.

Björgunarsveitin fær úthlutað verkefnum í gegnum neyðarlínuna. Verkefni hennar lúta bæði að björgun mannlífa og verðmæta. Sveitin er öll á útkallslista og skipulagið virtist vera frekar fljótandi, þ.e.a.s. ekki eru skilgreindir sérstakir hópar sem fara fyrstir í björgun eða hafa ákveðið hlutverk.

¹⁷ <https://www.landsbjorg.is/felagid/um-felagid/log-felagsins>.

Þegar áhættuástand er yfirstaðið getur björgunarsveitin tekið að sér verkefni sem neyðarlínan úthlutar ekki, t.d. að aðstoða safnið við björgun safngripa.

Einnig kom fram að björgunarsveitarmenn þekkja lítið til húsnæðis Safnahússins og þeirra verðmæta sem þar eru varðveitt. Ræddar voru hugmyndir til að kynna starfsemina og það hvað hafa þyrfti í huga við björgun á menningarverðmætum. Niðurstaðan var sú að skipulögð yrði heimsókn fyrir björgunarsveitarmenn í Safnahúsið þar sem þeir fengju tækifæri til að skoða geymslur og farið væri yfir hvað þyrfti að hafa í huga ef til björgunaraðgerða kæmi og hver væri ákjósanlegasta leiðin við björgunina.

Hlutverk Rauða krossins snýr að björgun og aðhlyningu fólks, einkum í fjöldahjálparstöðvum. Þar er skipulag mikið og gott, ferli allt skráð og hlutverk hvers og eins skýr. Ljóst er að þangað má margt sækja varðandi skipulag en ekki er hægt að sækja þangað aðstoð við björgunarstarf.

Fyrirmynd

[Það er margt að sækja til Rauða kross Íslands varðandi skipulag, þjálfun og æfingar.](#)

Að loknum þeim fundum sem hér hefur verið gerð grein fyrir og rýningu á viðbragðsáætlun almannaþingarinnar höfðu svör fengist við ýmsum spurningum en eins og oft vill verða í vinnu sem þessari voru spurningarnar sem kviknuðu jafnvel enn fleiri. Það á ekki síst við um hverjir ættu að hafa hlutverk í björgun menningarverðmæta ef til kæmi og hvert það væri þá.

2.9 Samantekt

Afar mikilvægt er að söfnin verði talin upp fyrst þeirra bygginga sem þarf að kanna stöðu á, eftir að mannlífum hefur verið bjargað, þegar *Viðbragðsáætlun við jarðskjálfta í Þingeyjarsýslum*, sem Almannaþingin standa fyrir, verður endurskoðuð. Einnig er mikilvægt að þar inni séu þeir tengiliðir sem umsýslu hafa með menningarminjum. Grunnurinn að því að slíkt kerfi sé markvisst er skýr skilgreining á hlutverkum. Þannig þurfa hlutverk mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Safnaráðs, höfuðsafna og fleiri að liggja fyrir.

Vangaveltur

- Hvar liggur ábyrgð á skipulagi björgunar safnkosts?
- Er hún eingöngu á vegum eiganda safnsins?
- Hvar liggur fjárhagsleg ábyrgð þegar þörf er á björgunaraðgerðum eftir náttúruhamfarir?
- Í hvaða röð skal upplýsa viðkomandi aðila um yfirvofandi vá eða neyðarástand?

Eftir hamfarir er nauðsynlegt að geta brugðist hratt við. Hætta er á að samskiptin geti orðið hæð og tefji þar með björgunaraðgerðir þegar mörg sveitarfélög eiga söfn saman.

3. Tillögur að aðgerðaáætlun fyrir Menningarmiðstöð Þingeyinga

Þegar grundvallarspurningum (sjá 2.4 Viðbragðsáætlun Menningarmiðstöðvar Þingeyinga: greiningarvinna) hefur verið svarað þarf að vinna áætlunina sjálfa. Þar þurfa hlutverk allra að vera afar skýr og í henni þarf að gera ráð fyrir eftirtöldum þáttum:

- neyðarútbúnaði, grunnbúnaði sem þarf að hafa á hverju safni og síðan því sem e.t.v. mætti vera sameiginlegt fyrir stærra svæði,
- hlutverkablaði, skrá yfir hlutverk hvers og eins. Afar mikilvægt er að setja upp tímalínu í þessum þætti, þ.e.a.s. útfæra hvenær hvaða aðili skal hafa aðkomu að málum og á hvaða hátt,
- samræmdu merkingakerfi í geymslum safna, þ.e. að þeir gripir sem eru í forgangi við björgun séu skýrt merktir og aðgengilegir. Einnig þarf að liggja fyrir hvernig á að fara með ólíkar minjar, gripi, skjöl, myndir, bækur o.s.frv. Komi til stærrí jarðskjálfta verða það ekki safnamenn sjálfir sem fá að fara fyrstir inn í húsin. Þannig þarf allt aðgengi að vatni og rafmagni að vera auðvelt,
- að safna upplýsingum, rýna í gögnin, skilja núverandi stöðu og læra af reynslu annarra.

Í ljósi núverandi stöðu eru lagðar til eftirfarandi úrbætur sem taldar eru upp hér fyrir neðan.

3.1 Fyrsta tillaga: Lagfæringar á *Viðbragðsáætlun almanna vegna jarðskjálfta í Þingeyjarsýslu*

Safnið verði nefnt í eftirfarandi kafla í áætlun almanna vegna jarðskjálfta:

- **á bls. 7**, þar sem taldir eru upp þættir sem verða fyrir áhrifum af völdum stórra jarðskjálfta. Þar ætti a.m.k. að tilgreina söfn og/eða menningarminjar í sviga við liðinn „Önnur mannvirki“, þar sem tilgreind eru sérstaklega olútankar og lagnir. E.t.v. væri eðlilegt að menningararfur væri sérliður í þessari upptalningu og þar væri sett í sviga: safngripir, vernduð hús, fornminjar;
- **á bls. 11-14** er listi yfir hvert skal senda boð um yfirvofandi eða yfirstandandi jarðskjálftavá. Á þann lista vantar fulltrúa vegna menningarminja. Til þess að hægt sé að koma með tillögu um að setja inn slíkan fulltrúa þarf að nást samstaða um hver það skuli vera. Er farsælast að hafa einn slíkan fulltrúa fyrir allt landið og fyrir allar minjar eða á slíkt hlutverk að vera svæðisbundið og fara eftir skilgreindum minjum á hverjum stað?
- **á bls. 32**, þar sem fjallað er um ástandskönnun svæða. Safnahúsið er á svæði C en þess er ekki getið sérstaklega. Úr því þarf að bæta og gera ráð fyrir mannafla þar til að kanna ástand;

- **á bls. 35** er listi yfir viðbragðsaðila, þar þarf að bæta inn Menningarmiðstöð Þingeyinga eða öðrum fulltrúa sem ber ábyrgð á menningarminjum. Þeim lista fylgja hlutverkablöð þar sem gerð er grein fyrir hlutverki hvers og eins aðila í öllum þremur stigum áætlunarinnar, sem eru: óvissustig, viðbragðsstig og hættustig. Slíkt hlutverkablað þarf að útbúa um Menningarmiðstöð Þingeyinga eða annan þann aðila sem fengi skilgreint hlutverk sem lýtur að menningarminjum. E.t.v. væri besti kosturinn að hafa bæði Menningarmiðstöð Þingeyinga og þann aðila sem fer með ábyrgð á menningarminjum á landsvísu á þessum lista. Hlutverkin eru ólík og eðlilegt er að bæði heimaaðili og einhvers konar landsábyrgðaraðili séu á boðunarlista og hafi skilgreint hlutverk á hverju stigi.

Mikilvægt er að ákveða hver skuli vera tengiliður við Almannaþingarnir, hvort það eigi að vera forstöðumenn safna á hverjum stað eða hvort betra sé að hafa aðila sem ekki er í hringiðu atburða.

3.2 Önnur tillaga: Viðbragðsáætlun Menningarmiðstöðvarinnar lagfærð

- Búa þarf til forgangslista um björgun muna með verðmætustu gripunum (skjöl, ljósmyndir, gripir).
- Fá ætti utanaðkomandi sérfræðinga til að staðfesta listann (tillaga: sérfræðinga frá einhverju höfuðsafnanna).
- Merkja þarf svæði þar sem verðmætustu gripirnir eru staðsettir: til dæmis límmiði við gripi sem eru til sýnis. Merkingar þarf við hillur eða á umbúðum ef gripirnir eru í geymslu. Nota skyldi t.d. efni með endurskini sem sést í myrkri og/eða miða með sérstöku lagi, t.d. þríhyrningslögum.
- Setja ætti upp neyðarkistu með efnum og verkfærum sem nýtast við fyrstu viðbrögð eftir hamfarir. Sjá t.d. *3.2.8.1 Birgðir til björgunar safnkosts* í kaflanum um viðbrögð gegn vá í *Handbók um varðveislu safnkosts* á heimasíðu Þjóðminjasafns Íslands.
- Sækja ætti um styrk til að búa til neyðarkistu.

3.3 Þriðja tillaga: Áætlun um björgunaraðgerðir

- Hafa ætti samband við aðrar menningarstofnarnir í Þingeyjarsýslu eða á Norðurlandi eystra og kanna áhuga á samstarfi við björgun.
- Athuga ætti möguleika á samstarfi við höfuðsöfnin.
- Halda ætti námskeið um björgun gripa fyrir starfsmenn menningarstofnana á svæðinu.
- Sækja ætti um styrk til að halda þetta námskeið.
- Æfa þarf björgun gripa.

4. Tillögur um aðgerðaáætlun á landsvísu

4.1 Að líta á safnkostinn sem heild

Menningarstofnanir bera gífurlega mikla ábyrgð hvað varðar varðveislu menningararfsins til næstu kynslóða. Þessar stofnarnir eru víða fáliðaðar og hafa takmarkaðar þjargir þegar kemur að björgun safnkosts eftir hamfarir. Undirbúningur þarf aftur á móti að vera góður því að eftir hamfarir er nærliggjandi samfélag að öllum líkindum háflamað eftir áfallið. Fórnarlömb þurfa að gæta að sínum nánustu og geta ekki endilega mætt í vinnu til að sinna björgunarstarfi. Samvinna er lykilatriði og hún verður að vera þverfagleg.

4.2 Tillögur

Skýrsluhöfundarnir leggja til:

- að reglur um gerð viðbragðsáætlunar verði staðlaðar og í takt við menningarverðmæti stofnana,
- að menningarstofnarnir sem varðveita menningararf verði ávallt nefndar í viðbragðsáætlun almannavarna,
- að horft verði á safnkost safna sem heildarmenningararf sem er varðveittur á mörgum stöðum. Á öllum söfnum eru gersemar sem þjóðin má ekki missa,
- að forgangslisti til björgunar safnkosts verði ávallt til í neyðaráætlun menningarstofnana. Í honum séu lýsingar á gripum, skráningarnúmer og myndir af gripunum. Söfnin gætu t.d. notað menningarsögulega gagnasafnið Sarp sem verkfæri til að búa til forgangslista,
- að sett verði á laggirnar vinnuhópur með eftirfarandi aðilum (ekki tæmandi): mennta- og menningarmálaráðuneyti, höfuðsöfn, Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Minjastofnum, Safnaráð, landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi (í forsvari fyrir ICA, IFLA, ICOM, ICOMOS), FÍSOS og NKF á Íslandi²⁰,

Markmið vinnuhópsins væri að rýna í eftirfarandi hugmyndir:

- að fræðslufni um gerð viðbragðsáætlana fyrir menningarstofnanir verði aðgengilegra,
- að þjálfun í björgun gripa verði reglulega í boði fyrir starfsmenn menningarstofnana,

²⁰ ICA (International Council on Archives), IFLA (International Federation of Library Associations and Institutions), ICOM (International Council of Museums), ICOMOS (International Council on Monuments and Sites), FÍSOS (Félags íslenskra safna og safnmanna), NKF (Nordisk Konservatorforbund)

- að sett verði á laggirnar þjálfað björgunarteymi, skipað af sérfræðingum á þessu sviði, sem getur farið á vettvang og tekið þátt í (eða stýrt eftir þörfum) björgun gripa hvar sem er á landinu.
- að viðbragðsáætlun að fyrirmynd almannavarna sé til staðar til að virkja björgunarteymið,
- að hægt verði að fjármagna neyðargáma²¹ sem innihalda búnað sem nauðsynlegt er að hafa til að bregðast við eftir hamfarir. Einn gámurinn gæti verið staðsettur í Reykjavík og í vörslu eins höfuðsafnanna. Hægt væri að hafa annan gám geymdan á Akureyri.

4.3 Tillögur að aðgerðum fyrir landsnefnd Bláa skjaldarins

Stutt er síðan landsnefnd Bláa skjaldarins var stofnuð²² og er starf hennar því ennþá í mótun hvað varðar áherslur og verkefni. „Pilot“-verkefnið *Uppbygging á viðbragðsáætlun við vá í Norðurþingi* hefur gefið höfundum skýrslunnar eftirfarandi hugmyndir um hlutverk landsnefndar Bláa skjaldarins við verndun menningararfsins:

- að halda utan um öfluga og uppfærða vefsíðu þar sem fræðsluefni um vernd menningararfsins verði aðgengilegt,
- að halda námskeið um viðbragðsáætlun og björgun safnkosts fyrir starfsmenn menningarstofnana,
- að flytja erindi og skrifa greinar á ólíkum vettvangi til að hafa áhrif á meðvitund ábyrgðaraðila, s.s. sveitarfélaga, um vernd menningararfsins.

5. Leiðbeiningar fyrir söfn til að byggja upp viðbragðsáætlun við vá

Hér eru nokkrar tillögur að því hvernig hægt væri að vinna að sambærilegum verkefnum hvar sem er á landinu. Mikilvægt er að notfæra sér það tengslanet sem nærliggjandi samfélag býður upp á.

²¹ Sjá dæmi: <https://www.swissinfo.ch/eng/culture/geneva-pioneers-disaster-rescue-of-cultural-assets/41836360>.

²² 2014.

5.1 Undirbúningur: rýning á viðbragðsáætlun safnsins með eftirfarandi spurningar í huga

- Hvenær var áætlunin gerð, hvert er umfang hennar og hvaða heimildir/fyrirmyndir voru notaðar?
- Hafa starfsmenn tekið þátt í að búa hana til?
- Hefur áætlunin verið uppfærð og hvaða breytingar voru gerðar?
- Hverjar eru helstu áherslur viðbragðsáætlunar safnsins?
- Er viðbragðsáætlun safnsins nógu ítarleg ef hamfarir verða?
- Hafa starfsmannaskipti haft áhrif á viðbragðsáætlun safnsins?
- Eru allir starfsmenn meðvitaðir um hlutvert sitt?
- Fjallar áætlunin um björgun safnkostsins?
- Hvernig tengist áætlunin viðbragðsáætlun almannavarna?
- Er forgangsröðun við björgun safnkostsins skýr?
- Ef ekki, hver hefur þekkingu og getur hjálpað til við að búa til björgunarlista?
- Eru upplýsingar um gripina aðgengilegar í Sarpi?
- Er til áætlun ef nauðsynlegt væri að færa safngripi/skjöl í annað húsnæði?
- Hverjir mundu koma að björgun safngripa?
- Telur forstöðumaður að sjálfboðaliðar geti tekið þátt í að bjarga safnkosti gerist þess þörf?

5.2 Rýning á viðbragðsáætlun almannavarna svæðisins með eftirfarandi spurningar í huga

- Kemur safnið fram í viðbragðsáætlun almannavarna á svæðinu?
- Ef já, er safnið nefnt á viðeigandi stöðum?
- Ef nei, hefjið samtal við eftirfarandi aðila: fulltrúa almannavarna og björgunarsveitir.

5.2.1 Spurningar til fulltrúa almannavarna á svæðinu

- Fær fulltrúi safnsins aðgang að fjarskiptakerfinu Tetra eða verður hann hluti af því?

Eftir hamfarir:

- Hvernig verða samskipti við almannavarnir, gagnvirk eða einhliða (þ.e.a.s. verður hægt að hafa samband við almannavarnir til að fá upplýsingar)?

- Á forstöðumaður menningarstofnunar að tilkynna sig til svæðisstjórnar?
- Hvenær í viðbragðsferlinu verður ástand safnsins metið?

5.2.2 Spurningar til björgunarsveita

- Getur björgunarsveit komið að björgun safnkosts?
- Er björgunarsveit til í að kynna sér húsakynni safnsins og fræðast um sérstöðu safnkosts við björgun?
- Er möguleiki að fá kostnaðaráætlun um þátttöku björgunarsveitar í björgun?

5.3 Skipulagning björgunar

- Er til neyðarkista í safninu? Hvar á að staðsetja hana: í safninu, annars staðar?
- Hverjir geta komið að björgun gripa? Starfsmenn? Sjálfboðaliðar? Aðrir?
- Hve mikil þörf er fyrir sérþekkingu við björgunarstarfið?
- Hverjir geta tekið þátt í björgun safngripa?
- Er hægt að fá aðstoð frá starfsmönnum annarra stofnana í nágrannasveitarfélögum og-eða höfuðsöfnum?
- Þarf árlega staðfestingu á þátttöku starfsmanna þessara aðila í teyminu?
- Hverjir verða hópstjórar í björgunarteymum?
- Hvað gerist ef flytja þarf safnkostinn á annan stað?
- Hvernig verður haldið utan um skráningar ef þarf að flytja gripi (ástand gripa, hvert eru þeir fluttir?)
- Huga þarf að skráningarblöðum fyrir þá sem taka þátt í björgunarteymi,
- Hver greiðir fyrir þá vinnu, er sú vinna að einhverju leyti sjálfboðavinna?

6. Lokaorð

Menningarstofnarnir sem varðveita menningararf Íslendinga þurfa að gæta þess að viðbragðsáætlun þeirra innihaldi upplýsingar um hvernig eigi að bjarga safngripum eftir hamfarir. Mikilvægt að forganglisti liggi fyrir með upplýsingum um hvar gripina sé að finna. Undirstaða björgunar er undirbúningsvinna sem felur í sér meðal annars að hafa samráð við aðila sem koma að viðbragðsáætlum landsvæðisins. Einnig er mikilvægt að leita að samstarfsmöguleikum á milli aðila sem starfa við varðveislu menningararfsins á mismunandi sviðum: byggðasafna, listasafna, náttúruminjasafna, bókasafna, skjalasafna o.fl. Það er von höfundanna að þessi skýrsla komi að gagni og hjálpi fleiri menningarstofnunum að rýna viðbragðsáætlun sína.

7. Heimildir

Handbók um varðveislu safnkosts, fyrra bindi – Þjóðminjasafn Íslands í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2011.

Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum – Stofnun Sæmundar fróða, Háskóli Íslands, 2008.
Aðgengilegt á netinu: http://www.rainrace.com/Langtimavidbrogd_vid_natturuhamforum.pdf

Menningarmiðstöð Þingeyinga, Safnahúsið á Húsavík: *Neyðaráætlun*. Útgáfa 1.0-2013. 31 bls. (ekki til dreifingar).

Verndaráætlun fyrir minjasvæðið í Skálholti. Skýrsla, Minjastofnun Íslands, maí 2016, 19 bls.
<http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Verndaraaetlun-Skaltholt-lokautgafam.undirskriftum.pdf>.

Viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta í Þingeyjarsýslu. Útgáfa 1.0 06.03.2013. Almannavarnir, 88 bls.

Viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta í Þingeyjarsýslu. Útgáfa 2.0 01.03.2018. Almannavarnir, 79 bls.
Aðgengilegt á netinu: <http://www.almannavarnir.is/utgefid-efni/vidbragdsaaetlun-vegna-jardskjalfta-i-thingeyjarsyslu/?wpdmdl=20848>.

Stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum ríkisins drög.
<https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2013/Almannavarnaskyrsla---drog-ThJH---HThG-THOS.pdf>

Vinnuskýrslur

Inga Jónsdóttir, *Greinargerð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi 29. maí 2008*. Listasafn Árnesinga (ekki til dreifingar). Júní 2008.

Lýður Pálsson, *Greinargerð um afleiðingar jarðskjálftans 29. maí 2008 á hús og sýningar Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka*. September 2008 (ekki til dreifingar).

Nathalie Jacqueminet, *Hreinsunaráttak á Skógasafni apríl 2010: aðdragandi, skipulagning og framkvæmd*. Minnisblað 27.05.2010 (aðgengilegt á heimasíðu Þjóðminjasafns Íslands í fyrra bindi handbókarinnar um varðveislu safnkosts).

Greinar

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Ábyrgð á varðveislu menningarverðmæta*, Morgunblaðið 18. maí 1995.

María Karen Sigurðardóttir, *Menningarverðmæti gætu glatast*. Morgunblaðið 22. júní 2000.

Nathalie Jacqueminet, Karen Sigurkarlsdóttir. Aðalfundur Bláa skjaldarins í Vín. September 2017 og verkefni landsnefndarinnar. *Bókasafnið*, 42. árg. 2018. Bls. 58-60.

Nathalie Jacqueminet, *Assesment of a museum collection after a catastrophe*. Meddelelser om konsevering, 2/2009. Bls. 3-9.

Njörður Sigurðsson, Blái skjöldurinn – samstarf um verndun menningarverðmæta. *Bókasafnið*, 41. árg. 2017. Bls. 26-27.

Heimasíður

<http://www.almannavarnir.is>

<http://blaiskjoldurinn.is/>

<https://www.landsbjorg.is/felagid/um-felagid/log-felagsins>

<https://nti.is/log-og-reglur/>

8. Viðhengi

Úr http://www.althingi.is/alttext/pdf/146/fylgiskjol/s0208-f_l.pdf

Aðgerð 6. Vernd mikilvægra menningarverðmæta

Markmið: Að draga úr líkum á eyðileggingu menningarverðmæta.

Ábyrgð: Forsætisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Verkefnastjórn: Forsætisráðuneytið.

Lykilaðilar: Forsætisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Þjóðminjasafn Íslands, Landsbókasafn - Háskólabókasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafn Íslands, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Safnaráð, héraðsskjalasöfn og önnur viðurkennd söfn sem starfa í samræmi við safnalög. Ríkislögreglustjóri, lögregluumdæmi og aðrir viðbragðsaðilar.

Kostnaður

Kostnaður felst einkum í hættumati menningarverðmæta og viðbragðsáætlanagerð. Miðað er við að hann rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.

Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):

1. Gerð verði öryggisstefna fyrir íslenskar menningarstofnanir og söfn.
2. Áfallapol íslenskra safna verði kannað.
3. Skilgreint verði við hvaða öryggisstaðla söfn skuli miða vegna vörslu menningarverðmæta.
4. Menningarverðmæti og staðsetning þeirra verði skráð.
5. Gerð verði viðbragðsáætlun um björgun menningarverðmæta.

Staða aðgerðar 30. sept. 2016 : Verkefni er í vinnslu.